
Fjórðungsþing – skýrsla stjórnar

Fundarstjóri, kjörnir fulltrúar og starfsfólk Vestfjarðastofu, þá er komið að yfirferð umskýrslustjórnar fyrir árið 2021

Þetta er síðasta samkoman okkar á þessu kjörtímabili og því tilvalið að fara yfir farinn veg. Fyrsta fjórðungsþingið sem við hittumst á var fjórðungsþing að hausti á Ísafirði 2018. Það var þungt hljóðið í fólki. Leyfi í fiskeldi höfðu verið afturkölluð og ónefndir aðilar í Reykhólahreppi höfðu fengið Multiconsolt skýrslu í eldskýrn og áhyggjur Vestfirðinga af framhaldinu miklar.

Sviðsmyndavinna var unnin á haustþinginu um hvert við gætum mögulega verið að stefna. Sóknaráætlun Vestfjarða var samþykkt á stjórnarfundi 21. Október 2019 og kynnt á fjórðungsþingi 25.-26. Október á Hólmavík. Nú þegar má sjá árangur sóknaráætlunar. Hún verður endurskoðuð í haust og er mikilvægt lykilplagg til að vinna með og því mikilvægt að sem flestir taki þátt í þeirri vinnu.

Ekki bara við en öll heimsbyggðin þurftum að laga okkur að nýjum veruleika í kringum covid og fjórðungsþing að vori og hausti árið 2020 voru haldin í fjarfundi. Þetta hefur gefið okkur gott veganesti og hafa fjarfundir orðið skilvirkari og aðgengi að hinu opinbera, stofnunum og ráðherrum hefur orðið einfaldara þó vissulega séu enn hnökrar á tækninni.

Þú ert á MUTE!!!

Við erum að horfa á marga sigra á kjörtímabilinu líka, Dýrafjarðargöng, vegur í Gufudalssveit komin í framkvæmd, Dynjandisheiðin, vetrarþjónusta, Lonley planet, samfélagssáttmáli um fiskeldi.

Stjórn í ársbyrjun 2021 var skipuð af:

- Hafdís Gunnarsdóttir
- Iðu Marsibil Jónsdóttir
- Jóhönnu Ösp Einarsdóttir
- Kristjáni Jóni Guðmundssyni
- Þóri Guðmundssyni

Á fundi stjórnar 29. mars gekk Hafdís Gunnarsdóttir, formaður úr stjórn FV samhliða sem hún hætti í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Við formennsku hennar í stjórn tók Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi, var þar flýtt niðurstöðu kosninga 65. Fj.þings að hausti að Jóhann tæki við formennsku stjórnar FV á 66. Fjþingi að hausti. Við sæti Hafdísar í stjórn tók Marzelíus Sveinbjörnsson, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ.

Breytingar urðu svo aftur í stjórn eftir 66. Fjþing að hausti þegar Marzelíus óskaði eftir leyfi frá setu í stjórn FV, við sæti hans tók Daníel Jakobsson, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ samkvæmt tilnefningu bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, samkvæmt nýjum ákvæðum 5. gr samþykktu FV.

Haldnir voru 10 fundir á árinu þar af einn vinnufundur með starfsfólki Vestfjarðastofu í lok árs 2021. En þetta er í annað skipti sem slíkur fundur er haldinn þar sem starfsfólk og stjórn leiðir saman hesta sína til að fá að setja mark sitt á starfsáætlun næsta árs.

Fjórðungsþing að vori var haldið í Bjarkalundi í Reykhólahreppi og fjórðungsþing að hausti var haldið á Ísafirði.

Farið var í breytingar á samþykktum Fjórðungsambansins og þingsköpum Fjórðungsþings eftir að því var vísað til stjórnar á haustþingi 2020 og þær breytingar staðfestar á haustþingi 2021. Tekið var mið af ábendingum í skýrslu starfshóps samgöngu og sveitarstjórnarráðherra um starfsemi landshlutasamtaka m.a.að auka aðgengi sveitarstjórna og sveitarstjórnarfulltrúa að starfsemi. Meðal breytinga voru að áheyrnarfulltrúar urðu leyfðir á stjórnarfundum frá þeim sveitarfélögum sem ekki eiga fulltrúa í stjórn og Samgöngunefnd fékk nýtt hlutverk og heitir nú innviðanefnd.

Árið 2021 vann stjórn eftir ályktunum fjórðungsþings að hausti 2020 og sendi frá sér ályktun með mikilli greinagerð eins og þið kannski munið á haustþingi 2021 og byrjaði að vinna með ályktanir þess haustþings.

Þessar ályktanir eru mikilvægur grunnur í allar umsagnir sem stjórn sendir frá sér því að það er mikilvægt fyrir okkur í stjórn að hafa gögn til að vitna í, sérstaklega gögn sem samþykkt hafa verið á fjórðungsþingi. Að tala út frá ályktunum haustþings en stjórn sendi frá sér 21 ályktun árið 2021.

Það var ekki mikið um fundi með nefndum alþingis árið 2021 en þó hafa all nokkrar umsagnir verið sendar frá stjórn á þessu ári og hafa verið reglurlegir fundir með nefndarsviðum alþingis til að fylgja eftir umsögnum.

Stjórn tók þátt eins og áður hefur fram komið í stefnumótunarfundi með starfsfólki í lok árs 2021 og er þar með að koma með hugmyndir að áhersluverkefnum og setja svip sinn á starf Vestfjarðarstofu.

En starfsfólk Vestfjarðastofu er svo fólkið sem fylgir ákvörðunum stjórnar eftir þegar við loggum okkur út af teams fundinum og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir gott starf.

Aðalbaráttumál

Fiskeldi. Að knýja á með breytingar á lögum um gjaldtöku af fiskeldi. Að tekjur Fiskeldissjóðs renni beint til sveitarfélaga í stað þess að vera úthlutað af sérstakri

sjóðsstjórn. Unnið var allt árið með samfélagssáttmála sveitarfélaga á Vestfjörðum þar sem sjókvíaeldi er heimilt, undirbúningur fyrri hluta ársins og síðan eftirfylgni eftirað sveitarfélögin staðfestu sáttmálan Sveitarfélög Starfsmenn Vestfjarðastofu tóku þátt í ráðstefnunni Lagarlíf

Samgöngumál. Jarðgangamál voru sett í forgang og unnið áfram með gerð Jarðgangaáætlunar Vestfjarða, forsendur um röðun framkvæmda var rædd á meðal sveitarfélaga og skýrsla um jarðgangaverkefni var lögð fram í apríl 2021, Hreinn Haraldsson vann að henni. Skýrslan var kynnt samgönguráðuneyti og óskað eftir fjármagni til gerðar félagshagfræðigreiningar og sama erindi var einnig á Vegagerðina. Báðir aðilar höfðu þessu erindi. Stjórn ákvað að nýta fjármagn frá fyrri árum til samfélagsgreiningar og KPMG var fengið til verksins. Báðar þessar skýrslur voru lagðar fram á opnum fundi þann 27. janúar s.l., þar sem innviðaráðherra og formaður umhverfis og samgöngunefndar Alþingis ávörpuðu fundinn. Vonbrigði að efni þessara vinnu hefur einungis aðhluta komið fram í væntanlegri jarðgangaáætlun innviðaráðuneytis.

Vetrarþjónusta var einnig sett á oddinn.

Þessi málefni voru sett fram í umsögnum um Grænbók að samgönguáætlun og Grænbók og Hvítbók Byggðaáætlunar

Orkumál. Starfshópur iðnaðarráðherra með Iðu Marsibil hóf störf á síðasta hausti, ánægjulegt að starfshópurinn hefur náð að vinna hratt samanber kynningu nú fyrir í dag. Umsagnir og greinargerðir sem FV hefur unnið á síðustu árum hafa nýst vel við þessa vinnu. Tillaga að ályktun um orkumál verður lögð fyrir þingið hér á eftir.

Sameiningar sveitarfélaga voru ofarlega á lista hjá mörgum árið 2021 þó ekki séu hafnar neinar formlegar sameiningaviðræður að svo stöddu. Litlu sveitarfélögin á Vestfjörðum, ásamt fleirum, mótmæltu kröfu um lágmarksíbúafjölda. Lögin urðu ögn sveigjanlegri en mögulega erum við að horfa á breytta sviðsmynd í fjölda sveitarfélaga á Vestfjörðum í náninni framtíð. Það þarf hinsvegar ekki að stoppa okkur í samstarfi að vera 9 sveitarfélög. Samtakamátturinn getur verið ansi góður drifkraftur og við þurfum að horfa á að ef eitt sveitarfélag eflist þá eflast Vestfirðir uppbygging í einu sveitarfélagi hefur jákvæð áhrif á sveitarfélögin í kring.

Ég veit að þið trúið þessu kannski ekki EN það er búin að vera sönn ánægja að starfa með ykkur öllum á þessu kjörtímabili og þó framboðsfrestur sé ekki liðin þá lítur út fyrir að þó nokkrir séu að hætta á þessum vettvangi og ég óska þeim góðs gengis í þeim störfum sem þeir koma til með að taka sér fyrir hendur og þó Gufudalurinn verði vonandi með lengri afleggjara á næstu misserum og þið eruð á ferðinni þá endilega kíkið í kaffi :) Það er bara ein regla fyrir gesti í Gufudalnum, ef þú stoppar lengur en í fjóra tíma þá þarftu að fara að vinna ;)